

Nefndasvið Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 24. febrúar 2003
Tilvísun: 2003020073/12.2
HrH/BH
Tilv. ykkar: 06.02.2003

Efni: Umsögn um aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti þskj. 62. mál.

Tillagan gerir ráð fyrir að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi tillögur um aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti af völdum bifreiða. Um er að ræða breytingar á álögum hins opinbera, annars vegar í þeim tilgangi að auka notkun dísil- og fjórhjóladrifsbifreiða, og hins vegar til að draga úr notkun nagladekkja.

Vegagerðin er sammála þeirri skoðun, að æskilegt sé að auka hlut lítilla dísilbifreiða í heildarinnflutningi. Þær losa töluvert minna af gróðurhúsalofttegundum, einkum CO² en önnur mengun er hins vegar að sumu leyti meiri, Einkum á það við sótmengun. Með nýjustu tækniþróun eru þó að koma á markað bifreiðar þar sem slík mengun er svipuð og frá bensínbifreiðum, og leggja ber áherslu á að allar breytingar á álögum tengist nýjustu og hörðustu kröfum hvað þetta varðar. Þessi atriði ásamt ótal fleirum sem snerta efni þessarar tillögu til þingsályktunar eru tekin til umfjöllunar í skýrslu samgönguráðuneytisins og „Vegagerðarinnar, Losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum“, sem gefin var út í maí 2001.

Ljóst er að umtalsverður hluti vegslits á höfuðborgarsvæðinu, þar sem umferð er mikil, stafar af notkun nagladekkja. Töluverð gagnaöflun og rannsóknir standa nú yfir varðandi þetta vandamál. Starfandi er vinnuhópur sem skipaður var af umhverfisráðherra í árslok 2001, sem ætlað er að fara yfir stöðuna og gera tillögur um aðgerðir til að draga úr rykmengun vegna umferðar á höfuðborgarsvæðinu. Þá tekur Vegagerðin einnig þátt í samráðshópi á vegum borgarverkfræðings Reykjavíkurborgar, sem leggja á fram tillögur um aðgerðir til að minnka áhrif loftmengunar með sérstöku tilliti til svifryks og nagladekkjanotkunar. Þá má nefna að nú stendur yfir rannsóknarverkefni á vegum Iðntæknistofnunar, Vegagerðarinnar, Hollustuverndar og Gatnamálastjórans í Reykjavík, þar sem meta á uppruna svifryks í andrúmslofti í Reykjavík, m.a. til að kanna hversu stór hluti þess stafar af vegsliti.

Í ljósi þeirrar vinnu sem er í gangi vegna svifryks frá vegsliti telur Vegagerðin ekki ástæðu til sérstakra aðgerða af hálfu stjórnvalda þar til þeirri vinnu er lokið. Nefna má, að í viðhorfskönnun sem framkvæmd var af Gallup í árslok 2001, kom í ljós að mikill meirihluti ökumanna er andvígur gjaldtöku af þeim sem aka á nagladekkjum, hvort sem um er að ræða íbúa á höfuðborgarsvæðinu eða utan. Þá er einnig rétt að hafa í huga að hálkuvarnir á þjóðvegakerfinu eru almennt ekki með þeim hætti að Vegagerðin geti mælt með banni á notkun nagladekkja þar.

Virðingarfyllst,



Helgi Hallgrímsson,
vegamálastjóri.